

Skýrsla formanns Foreldrafélags Glerárskóla – starfsárið 2014 - 2015

Skipan stjórnar

Formaður: Aníta Jónsdóttir

Gjaldkeri: Vilborg Hreinsdóttir

Ritari: Líney Elíasdóttir

Tengiliður skólans í foreldrafélaginu: Brynja Sigurðardóttir, ritari skólans

Fulltrúar félagsins í Samtaka: Vilborg Hreinsdóttir og Aníta Jónsdóttir

Fulltrúar félagsins í skólaráði: **Hugrún Hermannsdóttir (Aníta Jónsdóttir)** og Elfa Björk

Gylfadóttir. Til vara: Hólmfríður Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Björnsdóttir

Í umhverfisnefnd: Bjarni Pálsson

Aðrir í stjórn: Sigurlaug Stefánsdóttir og Alma Stígisdóttir

Fundahöld

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar var haldinn í september með bekkjaráðum skólans. Þar var rætt um hlutverk bekkjarráða, lagðar fram hugmyndir að því sem gera mætti með bekkjunum. Lagt var til að gera eitthvað tvennt fyrir áramót og tvennt eftir áramót. Einnig var minnt á að það sem gert er þarf ekki alltaf að kosta mikla peninga, samveran með krökkunum og öðrum foreldrum á að vera lykilhugsunin. Einnig var nýtt fyrirkomulag vorhátíðar kynnt, en nú í vor var hún haldin á skólatíma í samstarfi við starfsfólk skólans og vinaliða.

Á næsta fundi stjórnar var rætt um helstu verkefni vetrarins, fyrirlestra, innheimtu félagsgjalda og annað. Hinn árlegi fundur með bekkjaráðum vegna jólaföndurs var haldin snemma í nóvember og var þar mjög góð mæting.

Eftir áramótin var fyrsti stjórnarfundur í janúar, þá í febrúar og að lokum var haldinn afskaplega góður og eftirminnilegur fundur í maí með bekkjaráðum og viniliðum á mið- og unglingastigi. Á fundinn mættu 45 manns. Það verður líka að koma fram hér að vinaliðarnir stóðu sig með miklum sóma, voru jákvæðir og skemmtilegir.

Lokafundur þessarar stjórnar var síðan haldinn í lok ágúst þar sem aðalfundurinn var skipulagður. Alls fundaði stjórn 8 sinnum á starfstíma sínum.

Helstu verkefni stjórnar

Eitt af fyrstu verkefnum stjórnar var að innheimta vetrardagskrá bekkjaráðanna. Eftir að dagskrá liggur fyrir og bekkjaráðin hafa sent hana á Brynju fá þeir þá peninga sem þeir hafa til ráðstöfunar inn á reikning sinn. Ef peningarnir hafa ekki verið notaðir að vori renna þeir aftur til foreldrafélagsins.

Hið árlega jólaföndur var haldið 22. nóvember og lukkaðist nokkuð vel. Stjórn félagsins ræddi aðeins um hvort gera mætti breytingar á fyrirkomulagi jólaföndursins, t.d. að fækka stöðvum. Sú umræða er enn á byrjunarstigi og býður næstu stjórnar að halda áfram með hana.

Í janúar ákvað stjórn að bjóða upp á fyrirlestur frá Rauða krossinum um sálrænan stuðning eftir áföll, en frá því þurfti því miður að hverfa vegna bágs fjárhags félagsins. Einnig var ákveðið að foreldrafélagið borgaði ekki þátttökukostnað í fyrirlestri á vegum Samtaka, en ákvörðun um að láta foreldrafélögin borga var tekin eftir að fyrirlesturinn var haldinn. Fyrirlestrar voru skipulagðir sameiginlega með Samtaka sem eru samtök foreldrafélaga í leik- og grunnskólum á Akureyri. Annar fyrirlesturinn var frá Heimili og skóla fyrir nemendur 6. bekkja um snjallsíma og netnotkun. Hinn fyrirlesturinn var haldinn í Hofi og fjallaði um fíkniefnavanda á Akureyri. Töluverð umræða er um það í Samtaka að foreldrafélögin sameinist um fyrirlestra þar sem reyndin er sú að fáir foreldrar sæki fyrirlestra almennt. Foreldrafélagið keypti fyrirlestur um sjálfsmynd stelpna.

Ýmislegt keypti foreldrafélagið sem nýttist skólanum og eða skólavistun – vesti fyrir vinaliða og leikföng.

Foreldrafélagið tók þátt í Grænfánahátíð skólans og bauð nemendum upp á ís, einnig voru keyptir kleinuhringir og safi til að bjóða nemendum upp á eftir þátttöku þeirra í Norræna skólahlaupinu.

Nemendur 9. bekkjar fengu styrk frá félaginu til þess að setja upp glæsilega árshátíðarsýningu og nýttu peninginn í að ráða til sín leikstjóra. Ákveðið var að styrkja 9. bekk ár hvert en upphæðin verður að ráðast af fjárhag félagsins.

Líkt og í fyrra var nemendum 1. bekkjar afhentir bolir þegar þeir komu í heimsókn í skólann. Gjöfin var hluti af því að bjóða nemendur velkomna í skólann.

Vorhátíð var haldin fimmtudaginn 4. júní kl. 11:00 – 13:15. Hátíðin var samstarfsverkefni skólaráðs, starfsfólks skólans, vinaliða, bekkjaráða og stjórnar foreldrafélagsins. Skiptar skoðanir voru á því að halda hana á virkum degi, en þegar upp var staðið var ánægjulegt að sjá nær alla nemendur skólans á vorhátíðinni, mjög marga foreldra og starfsfólk skólans. Þetta var án efa fjölmennasta vorhátíð sem ég hef tekið þátt í og gaman að sjá þátttöku alls skólasamfélagsins.

Tveir fulltrúar foreldrafélagsins sátu fundi Samtaka sem haldnir eru einu sinni í mánuði. Einnig mættu allar stjórnarkonur á aðalfund Samtaka til þess að fylgja eftir þeim málum sem þær vildu hafa áhrif á.

Fylgt úr hlaði

Starf foreldrafélagsins er mikilvægt og því hefur verið sinnt af samviskusemi og vilja til þess að gera gott skólasamfélag enn betra. Samstarf foreldra er mikilvægt og við eigum að hafa áhrif í skólasamfélaginu, sýna áhuga á skóla barna okkar, vera fús til samstarfs og leita ávallt leiða til lausna. Verkefni eru mörg, fjölbreytt og mikilvæg. Og við eigum öll að sameinast um þau. Við erum öll félagar og við eigum öll að taka þátt í uppbyggingu og starfi félagsins. Það finnst mér einna brýnasta markmið félagsins.

Lokaorð

Ég vil að lokum þakka fyrir samstarf síðasta skólaárs. Það hefur verið gott og gefandi að vinna með samstarfsfólki mínu í stjórn, skólastjórnendum og foreldrum. Saman höfum við það að leiðarljósi að gera gott skólasamfélag enn betra. Verum stolt af skóla barna okkar og því gróskumikla, jákvæða og umhyggjusama skólasamfélagi sem við öll tilheyrum.

Ég enda ræðu mína á sömu lokaorðum og í fyrra og árið þar áður, því þau eiga vel við þá, nú og alltaf.

Það er einlæg von mín að starf Foreldrafélags Glerárskóla vaxi og dafni, með þátttöku sem flestra, því að það er margsannað að aðkoma foreldra að skólastarfi getur skipt sköpum fyrir skólagöngu barns. Fram veginn gott fólk.

Aníta Jónsdóttir.